**Nd.** **277. Breytingartillögur** [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

1. 5. töluliður 4. gr. orðist svo:
   Krónur 30 milljónir renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.
2. Á eftir 5. tölul. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tölul., svohljóðandi:
   Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, fari til greiðslu fjármagnskostnaðar vegna skreiðarbirgða skv. reglum sem Seðlabankinn setur í samráði við viðskiptabanka skreiðarframleiðenda.